


DESEMBER 1981 63

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Hinn skapandi kraftur brýst lengra og lengra út í ófullkomnunina og leitast við að koma henni á leið fullkomunarinnar.

Helgi Pjeturss



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Reikistjarnan Merkúr

(Sjá forsiðumynd)

Merkúr er sú jarðstjarna sólhverfisins, sem gengur næst sólu. Varla verður Merkúr séður berum augum.

Yfirborð hans er mjög þakið gígum, stórum og smáum, og líkist að því leyti tunglinu.

Nokkrar staðreyndir um Merkúr: Meðalfjarlægð frá sólu: 58 milljón km. Þvermál: 4880 km. Eðlisþyngd: 5,4. (Vatn = 1). Umferðartími um sól: 88 dagar. Brautarhraði: 47,9 km á sekúndu. Hitastig yfirborðs sólarmegin um 300° C. Hitastig yfirborðs á myrkurhlið um $\div 17^\circ$ C. Efnismagn: 0,055 af efnismagni jarðar. Rúmmál: 0,06 af rúmmáli jarðar.

Alls engar líkur eru á að líf í nokkurri mynd geti próast á Merkúr. Til þess er hnötturinn of nálægt sólu, munurinn á hita dags og kulda nætur allt of mikill, auk þess sem þarna er algjört loftleysi.

Ingvar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 7. janúar 1981

Fundur í Félagi Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 7. janúar 1981 og byrjaði kl. 9 um kvöldið.

Fundur settur. Ingvar Agnarsson setti fundinn í fjarveru formanns, Páls Steinarssonar, en Guðni Þorvaldsson tók að sér fundarstjórn að beiðni Ingvars.

Fundargerðir lesnar: Ingvar las fundargerð frá 5. nóvember 1980 og var hún samþykkt.

Þorsteinn Guðjónsson las fundargerð frá 4. desember, sem Sveinn Haraldsson ritaði í fjarveru Ingvars. Eining hún var samþykkt.

Nýr félagi. Borin var upp umsókn um inngöngu í félagið frá Óskari Loftssyni, og var umsókn hans samþykkt með lófataki.

Draumur lesinn: Svava Jónsdóttir las gamlan draum sinn frá 1954, sem var alláhrifamikill og sérstæður. Henni fannst hún snerta handlegg konu nokkurrar en hún fann að handleggur hennar var kaldur og harður sem steinn. Þetta fékk mikið á hana og var hún miður sín, er hún vaknaði.

Annar draumur. Þorsteinn Guðjónsson las draum Halldórs Pjeturssonar um ásókn illra vera. Þetta var áhrifamikill draumur og ógnvænlegur og var Halldór eftir sig eftir drauminn, fram eftir degi.

Talsverðar umræður urðu um þennan draum og raunar um draumana báða og reyndu menn að skýra þá og skilja í samræmi við kenningar dr. Helga Pjeturss.

Þrír áhrifamenn: Þorsteinn Guðjónsson talaði um þau gleðilegu tíðindi, að svo virtist sem þrír áhrifamenn íslenskir, sem hingað til hafa fremur verið andsnúnir nýölsku hugarfari, hafa nú látið til sín heyra á þann hátt að hér væri ástæða til að tala um hugarfarsbreytingu og væri slíkt mjög gleðilegt. Þessir menn eru:

- a) *Sigurður Þórarinnsson*, jarðfræðingur, sem farinn er að tala við nemendur sína í háskólanum um uppgötvanir Helga Pjeturss á sviði jarðfræðinnar.

- b) *Sigurbjörn Einarsson*, biskup, talaði í aðfangadagsræðu sinni um þróun sem sjálfsagðan hlut, og að kviknun lífs á okkar jörð og á öðrum stjörnum væri marklaus ef ekki stafaði af vitandi tilgangi.
- c) *Halldór Kiljan Laxness* hefur ritað kafla í nýútkominni bók sinni „Grikklandsárið“, um dr. Helga Pjeturss og nefnir kaflann: „Um alheimslíffræði“, þar sem hann segir nokkuð af kynnum sínum af dr. Helga.

Upplestur. „*Um alheimslíffræði*“. Þessu næst las Þorsteinn kaflann „Um alheimslíffræði“, úr bók Halldórs K. Laxness „Grikklandsárið“.

Umræður urðu eftir þessar frásagnir Þorsteins og upplestur hans og tóku margir til máls.

Erindi Þórarins E. Jónssonar, Kjaransstöðum. Þessu næst tók til máls Þórarinn E. Jónsson, og mælti m. a. á þessa leið: „Til eru öfl, sem við skulum opna okkur fyrir. Maður kom til mín fyrir jól í fyrra og vildi tala við mig. Hann var með skilaboð að handan, frá Hafsteini, þar sem hann þakkar bænastarf mitt. Boðin komu gegnum Sigurrósu. — Síðar fékk ég boð gegnum Sigurrósu frá Helga Pjeturss, þar sem hann vildi að ég kæmi til Félags Nýalssinna. — Vera kom til mín og talaði. Það var hugródd.

„Pú átt að taka eftir hvort veran geislandi er ljósgjafinn eða hvort ljós skín í gegnum hana“. Ég sá að ljósið stafaði út frá verunni og ég sá, að þetta var sjálfur Kristur. Þá var hann að vígja mig til þess starfs, sem ég átti að vinna. — Ég var 16 ára, er ég sá furðulega sýn eða vitran. En 68 ára er ég, þegar ég fer út í huglækningarnar. Mitt álit er: Lífgeislustarfsemi Helga Pjeturss er runnin saman við Jesú Krist. Ég styð málefni Helga Pjeturss af öllu hjarta. Lífskrafturinn er guð og lækningakrafturinn er Kristur. Kristur er guð. — Helgi er nú ljósgeislandi vera. Meðan hann var frægur jarðfræðingur, var hann mikilsmetinn. En þegar hann gerðist alheimsfræðingur, þá vildi enginn á hann hlusta. Hann hnýtti saman vísindi og trú. Helgi talar um lífgeislun. Geislavirkni. Ég gerði ljóð sem ég nefndi „Lífgeislar“. Ég er aðeins farvegur lífgeislanna. Guð er allstaðar“.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi lauk kl. 23,50.

Fundinn sátu 14 manns.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur 4. febrúar 1981

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 4. febrúar 1981 og byrjaði hann kl. 21,15.

Fundur settur. Formaður félagsins, Páll Steinarsson setti fundinn og las upp dagskrá.

Fundargerð: Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, sem var 7. janúar og var hún samþykkt.

Nýr félagi: Umsókn um aðild að félaginu var borin upp frá Birgi G. Georgssyni, Furugerði 15, Reykjavík og var hún samþykkt samhljóða.

Hækkun félagsgjalds: Páll Steinarson bar fram tillögu um hækkun félagsgjalds úr kr. 70,00 (Gkr. 7000,00) í kr. 100,00. Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Þær undantekningar, sem áður hafa verið í gildi, skulu standa áfram, en það er, að þeir sem erfitt eiga með greiðslu vegna lítilla eða engra tekna nema e. t. v. ellilauna, skulu hafa full réttindi í félaginu, án greiðslu félagsgjalda.

„Draumfegurð“: Þessu næst las Ingvar Agnarsson upp drauminn „Draumfegurð“ úr bókinni „Ekki einleikið“ eftir Árna Óla, en þar segir hann frá fagurri draumsýn, þar sem hann þóttist sjá yfir sundin til Esjunnar, en gerði sér þó grein fyrir, að hér var um annað og að flestu ólíkt landslag að ræða. Og inn í drauminn kom einnig flugvél og svífandi maður.

Umræður urðu á eftir þessum upplestri. Halldór Pjetursson minntist á drauma í fornsögum og taldi þar vera merkilegt athugunar- og rannsóknarefni.

Porsteinn Guðjónsson nefndi annan draum, þar sem Helgi Pjeturss skýrir frá eigin draumi, þar sem Esjan var skýrari og fegurri en vant er, og taldi Helgi þessa draumsýn stafa frá sambandi við draumgjafa, sem fullkomnari væri en yfirleitt ætti sér stað.

Halldór Pjetursson minntist á Sigrúnu, systur sína. Þegar hún var um 17–18 ára, talaði hún stundum eitthvert erlent tungumál. Þegar hún var í slíku ástandi var hún hrædd við dýr, en annars var hún mjög dýrelsk. Í þessusambandi gat hann þess, að í Njálu segir frá því, að Njáll á Berþórshvoli gekk um og þuldi fyrir munni sér. – Halldór sagði einnig frá annarri systur sinni, Guðnýju. Hún féll í miðilsdá og voru haldnir með henni miðilsfundir heima. Og fundunum stjórnaði maður að handan, Þormóður að nafni, sem kvaðst vera gamall munkur. Á þessum fundum talaði hún stundum latínu.

– Halldór kvaðst hafa vitað um mann á Seyðisfirði, Guðmund úrsmið. Hann talaði útlend tungumál, líklega einhver austurlandamál, og voru sum þeirra mjög falleg á að hlýða.

Pétur Gíslason tók til máls og talaði um skilninginn á heimspeki Helga út frá eðlisfræðilegum og efnafræðilegum niðurstöðum: – „Sál manns er eining innan vetrarbrautar. Því tekur engan tíma fyrir lífið að komast milli stjarnanna, eða á milli vetrarbrautanna. – Sekúndulítri er orkumæling. Þetta er eðlisfræði. – Maðurinn vex frá eggi til fullorðins manns, af því að líforkan streymir inn í hann í svefni. Maðurinn er segull og aðrir menn eru aðrir seglar. Maðurinn er því eins og dýnamór, eins og rafmótor. Menn á jörðinni draga þetta efni inn í sig. Það eru þræðir, sem liggja milli stjarnanna. – Vatnskraftur breytist í rafkraft. – Dýnamóarnir, sálirnar, draga til sín efni frá stjörnunum og fá kraft sinn þaðan. Lífsefni streymir inn í mennina. Þetta er verkfræði hins ædsta lífs. – Tala má um jarðlífslitningasambönd og um vetrarbrautalitningasambönd, því stærri, því fullkomnari. – Allt þetta má tala út frá því eina orði: fjórðu vídd, sem einhver minntist á hér á undan“.

Draumar: Halldór Pjetursson sagði draum. Hann þóttist sjá Snorra Sturluson í leiftursýn. Á spjöldum stóð: „Eigi skal höggva“, og „Út vil eg“.

Lífgeislar og Félagsblað Nýalssinna: Ingvar Agnarsson endurnýjaði hið árlega tilboð sitt um að sjá um útgáfu Lífgeisla í eitt ár enn, félaginu að kostnaðarlausu og sömuleiðis Félagsblaðs Nýalssinna. Var vel tekið undir þetta af þeim sem sögðu álit sitt á málinu. – Páll Steinarsson bar fram tillögu um þetta tilboð Ingvars og var hún samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

Fundinn sóttu 11 manns.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

Félagsfundur 4. mars 1981

Fundur í Félagi Nýalssinna var haldinn að Álfrólsvægi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 4. mars 1981 og hófst hann kl. 21,00.

Fundinn setti Guðni Þorvaldsson vegna fjarveru Páls Steinars-sonar og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las *fundargerð* síðasta fundar (frá 4. febrúar) og var hún samþykkt.

Grein úr Strandapóstinum. Ingvar las kafla úr grein í Stranda-póstinum 1980, 13. árgangi: „Um íslensku þjóðtrúna“. eftir Jónfríði Loftsdóttur. Í þessum kafla ræðir hún um huldufólkið og getur þess til skýringar að þegar einhver sér huldufólk þá muni vera um fjarsýnir að ræða og muni heimkynni þess vera á öðrum hnöttum. Einnig minntist höfundur á þann möguleika, að þessir íbúar annars hnattar komi hingað hamförum og birtist jarðarbúum við sérstök skilyrði. Hér er um algerlega Nýalskan skilning að ræða, hjá höfundi þessarar greinar.

Nokkrar umræður urðu eftir lestur þessa greinarbrots.

Draumur. Svava Jónsdóttir sagði draum, sem hana dreymdi í nótt. Hún þóttist sjá sker upp úr sjó á stað sem hún þekkir. Þó var þarna öðruvísi útlits. Henni þótti skerin öll flæða í kaf, og einnig fjaran, sem lá við höfða nokkurn, sem gekk út í sjóinn. Munurinn milli flóðs og fjöru var miklu meiri, en hér gerist.

Svava las einnig draum eftir Sigurlaugu Guðmundsdóttur. Hún sá alsnjógan mann. Sá kvaðst heita „Óblíður“. Hún réð þennan draum fyrir vetrinum.

Annar draum las Svava eftir Sigurlaugu. Hún þóttist vera í herbergi sínu. Síðan fór hún fram í stofu. Þar var enginn. Þá þótti henni eldhnöttur eða ljóshnöttur koma svífandi inn í stofuna. Bráðlega leystist hnötturinn upp og í ljós kom maður. Hún spyr hann að nafni, en hann kvaðst heita Sigurjón. Sagðist hann vera á hraðferð en hafa fengið smástund til að líta inn til hennar. – Henni þótti þessi maður vera séra Sigurjón Jónsson, Kirkjubóli, Hróarsdal.

Talsverðar umræður urðu um efni þessara drauma og komu fram skýringar frá ýmsum hliðum.

Svava sagði enn frá því, að hún hafi vaknað nótt eina eftir Nýalssinnafund og þótti ljóshnöttur vera á gólfinu fyrir framan rúmið hennar.

Guðni sagði frá því að hann vaknaði og honum fannst loðið kvikindi koma við fætur sér, og hentist fram úr. Er hann sagði frá þessu, var honum sagt að ákveðinn maður myndi koma og fór það eftir. Mætti e. t. v. láta sér til hugar koma að hér hefði verið einskonar tilraun dýrs til líkamningar?

Þorsteinn sagði frá því, að er hann var 20 ára og þá á Vífilstöðum, dreymdi hann morgun einn, að skólafélagar hans koma saman og eru með glös. Þorsteinn þóttist halda á glasi. Hellt er í það, og sér

hann hvernig hækkar í því. Vaknar hann við þetta. Hugsar með sér, að nú muni koma skólabróðir hans frá útlöndum. Nokkru síðar hringir þessi ákveðni skólabróðir til hans, og kveðst hafa smyglað víni með sér. Hér er um stilliáhrif að ræða.

Þorsteinn talaði um fylgjur manna. Menn geta haft lífsambönd við sérstök dýr á öðrum hnöttum. Þar koma stilliáhrif til greina. Landvættir voru fylgiverur vissra fornanna. Landvættirnir áttu heima á öðrum hnöttum.

Svava sagðist oft hafa orðið vör við hund í draumi, þegar hún var ung, og ætíð stóð þetta í sambandi við konu ákveðins manns á bænum. Þetta olli henni vanlíðan. Faðir hennar talaði um þetta við manninn, næst þegar hann kom. Hafði trú á, að með því myndi þessi ásókn hverfa. Og svo varð.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: „Í fámennri sveit munu menn vera hæfari til að taka á móti utanaðkomandi áhrifum. – Sálir mannanna eru gerðar úr þráðum. Litningarnir eru sálir mannanna. Sálir mannanna koma til jarðarinnar frá öðrum hnöttum. Til eru sálir eins stórar og jörðin og aðrar eins stórar og heilar vetrarbrautir. – Kolvetnin breytast í vit í sálum mannanna. – Vitkraftinn má mæla í vitlítrum, eins og vatnið í raflítrum.

Þorsteinn Guðjónsson las úr bréfi frá Páli á Fagurhólsmýri. Hann lærði orgelleik hjá Bjarna á Brekkubæ. Varð verkstjóri við símalagnir í sinni sveit. Svo átti að tengja símann um alla sýsluna.

Um þetta leyti var hann að lesa *Nýal*, og sagði einum samstarfsmanni sínum frá því. Svo var síminn tengdur. Þá ætlaði Páll að tala fyrsta símtal sitt við Bjarna í Brekkubæ og þá um málefni *Nýals*. Taldi það myndi verða málefninu til framdráttar. Honum var varnað þess og fluttur heim til sín. Vegna þessa varð hann fyrir áfalli. Þetta var 1938. – Það er fyrst nú, sem hann hefur náð sér að fullu eftir þetta.

Síðan las Þorsteinn drauma Páls, en hann hafði dreymt fagra drauma flestar nætur.

Guðni bar fram tillögur um menn í stjórn félagsins, í stað þeirra sem nú eiga að ganga úr stjórn, skv. reglum félagsins.

Úr stjórninni eiga að ganga:

Guðni, Þorsteinn, Ingvar og Pétur Eysteinnsson.

Nýju tillögurnar voru, skv. uppástungum Guðmundar Jónssonar:

Ritari: Ingvar Agnarsson, meðstjórnandi: Sveinn Baldursson, varamaður: Þorsteinn Guðjónsson og varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Gunnar Hjörvar kvað mikla nauðsyn á að auka skilning á Nýalsfræðum, t. d. með námskeiðum og á annan hátt. „Skilningur á þessum málum styrkir aflsvæði okkar“, sagði hann.

Þorsteinn sagði frá því, að Eypór Gunnarsson, læknir hefði komið fram á síðasta miðilsfundi. Hann sagði frá því, hvornig hann færi að því að kenna Nýalsfræði. hann kvaðst fara til fræðimanna og annarra nýfluttra á hans hnött og fræða þá um þessi mál.

Svava sagði frá því, að eitt sinn hefði Eypór bjargað lífi sonar hennar, sem hefði orðið fyrir miklu slysi.

Tillaga til lagabreytingar á næsta aðalfundi frá Pétri Gíslasyni, var borin fram, svohljóðandi:

„*Tilgangur félagsins er að vekja athygli á kenningum dr. Helga Pjeturss. Félagið leitast við að starfa í samræmi við grundvöll náttúrufræðinnar*“.

Pétur Gíslason.

Nokkrar umræður urðu um þessa tillögu Péturs Gíslasonar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

11 manns sóttu fundinn.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Aðalfundur 8. apríl 1981

Aðalfundur í Félagi Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 8. apríl 1981, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi.

Páll Steinarsson, formaður félagsins, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar 4. mars og var hún samþykkt.

Inntökubeiðni í félagið var borin upp frá Þorláki Péturssyni, Brávallagötu 4, Reykjavík (9675–8537) og var hún samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns.

Páll Steinarsson gerði grein fyrir helstu atriðunum í starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

- a) *Félagsfundir* féllu niður í júlí og ágúst á árinu 1980 og er það skv. heimild í lögum félagsins.
- b) *Arnór Hannibalsson* hélt erindi sem hann nefndi: „Mannlegt líf gagnvart ásýnd dauðans“. Voru fyrirspurnir bornar fram að loknu erindinu og talsverðar umræður urðu um efni þess.
- c) *Pórarinn E. Jónsson* hélt erindi.
- d) *Þorsteinn Guðjónsson* hélt erindi þann 2. nóvember 1980 í Félagi áhugamanna um heimspeki í Háskóla Íslands og fjallaði það um *Framvindu lífsins* og samamburð á þróunarskilningi Teilhards de Chardin og Helga Þjeturss.
- e) *Sambandsfundir* voru haldnir á hverju mánudagskvöldi að Álfrhólsvegi 121 og var Sveinn Haraldsson miðill á þeim öllum.
- f) *Nokkurri starfsemi* var haldið uppi á Njálsgötu 40 og þar var komið á fót „Bókastöðinni Astra“, að frumkvæði og undir umsjón Helga Guðlaugssonar.
- g) *Tímarið Lifgeislar* kom út á árinu 1980, alls 5 hefti, 180 bls. í umsjá Ingvars Agnarssonar.
- h) Á *Akureyri* hefur verið haldið uppi nokkurri starfsemi í þágu málefnsins, en óformlegri. Þar er það Þorbjörn Ásgeirsson, sem heldur uppi vökulu starfi til framgangs málefnum.
- i) *Viðhald og viðgerðir* húseigna. Ýmsar skemmdir hafa komið fram á húsi félagsins að Álfrhólsvegi 121, bæði sprungur, alkaliskemmdir og leki og ber mikla nauðsyn til að hér verði bætt úr.
- j) *Lóðin*: Enn hefur ekki verið standsett að fullu lóðin á Álfrhólsvegi 121 og væri nauðsyn að bæta þar úr fyrr en seinna.
- k) *Fjárþörf*: Hvernig bæta megi úr fjárþörf félagsins til að standa straum af ýmsum kostnaði, bæði við lagfæringar á húsum og lóð og við greiðslu skulda, er enn ekki ráðið. En hugsanleg leið væri að selja jarðarpart að Gröf í Laugardal ef nauðsyn ber til.

Efnahags- og rekstrarreikningur.

Guðmundur Jónsson, gjaldkeri félagsins las upp efnahags- og rekstrarreikninga félagsins fyrir árið 1980 og gerði síðan grein fyrir ýmsum atriðum sérstaklega. T. d. minntist hann á það ósamræmi sem er í álagningu fasteignagjalda á húshluta félagsins og á húshluta sambýlismanns og kvað nauðsyn á að leita þar leiðréttinga.

Hann kvað bókasöluna í Astra hafa gengið vonum framar og kvað verslunina hafa létt undir við afborganir skulda af Njálsgötu 40, með því að kaupa allmargar heildir af Nýalsbókum.

Eitthvað er enn ógreitt til félagsins af skuldabréfum vegna sölu á jarðarpörtum í Gröf í Laugardal.

Pá ræddi Guðmundur nokkuð um fasteignamat á húseignunum Álfhólsvegi 121 og Njálsgötu 40 og mat á landi félagsins í Laugardal.

Að lokinni greinargerð gjaldkera um efnahags- og rekstrarreikninga félagsins var leitað álits fundarmanna og voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

Stjórnarkjör:

Nokkrir menn áttu að víkja úr stjórn skv. lögum félagsins. Á síðasta félagsfundi var borin fram tillaga um eftirtalda menn í stjórn, í stað þeirra, sem skyldu víkja:

Ritari: Ingvar Agnarsson, meðstjórnandi: Sveinn Baldursson, varamaður: Þorsteinn Guðjónsson og varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Engar aðrar tillögur komu fram og voru þessir menn því sjálfkjörnir.

Endurskoðendur voru kosnir samhljóða þeir Olgeir Möller og Ægir Ólafsson, sömu og áður.

Stjórn félagsins er því nú þannig skipuð:

<i>Formaður:</i>	Páll Steinarsson.
<i>Ritari:</i>	Ingvar Agnarsson.
<i>Gjaldkeri:</i>	Guðmundur Jónsson.
<i>Meðstjórnandi:</i>	Sveinn Baldursson.
<i>Varaformaður:</i>	Guðni Þorvaldsson.
<i>Varamaður:</i>	Þorsteinn Guðjónsson.
<i>Varamaður:</i>	Pétur Hermannsson.
<i>Endurskoðandi:</i>	Olgeir Möller.
<i>Endurskoðandi:</i>	Ægir Ólafsson.

Í ritnefnd voru bornir upp: Ingvar Agnarsson, Kjartan Norðdahl og Þorsteinn Guðjónsson og voru þeir samþykktir samhljóða.

Í landsölunefnd var stungið upp á Olgeiri Möller, Þorsteini Guðjónssyni og Guðmundir Jónssyni. Voru þeir samþykktir samhljóða.

Enn um starfsemi félagsins:

Páll Steinarsson tók til máls og ræddi enn nokkuð um framtíðarverkefni í starfsemi félagsins.

- a) *Sambandsfundir*. Hann kvað æskilegt að sambandsfundir yrðu áfram í svipuðu formi og verið hefur. Á slíkum fundum þarf að vera nokkur festa án of mikilla breytinga.
- b) Æskilegt væri samt að auka fjölbreytni fundanna. Vel mætti halda fundi í sérstökum tilgangi og mun það stundum hafa verið reynt og aðrir fundir mættu vera haldnir í enn öðrum tilgangi. Áhugamál í sambandi við miðilsfundi gætu verið margskonar.
- c) Hugsanlega væri árangursríkt, að hafa einhverjar umræður á undan fundum sem ætlað væri sérstakt hlutverk. Það myndi beina hugum þátttakenda að þeim sérstöku málum, sem leita ætti sambanda í.
- d) *Umræðufundir*: Æskilegt væri að haldnir yrðu sérstakir kynningarfundir við og við, ætlaðir fleirum en Nýalssinum einum.
- e) *Ráðstefna*: Atli Hraunfjörð hefur komið fram með þá hugmynd, að haldin yrði ráðstefna Nýalssinna einhversstaðar utan Reykjavíkursvæðisins og stæði t. d. í 2 daga. Þar yrðu haldnir fyrirlestrar af vísindamönnum sem aðhyllast Nýalskar skoðanir.
- f) Einnig mætti láta sér detta í hug að halda ráðstefnu í Reykjavík, einhverntíma áður en stórráðstefna, eins og Atli hugsar sér, yrði haldin.
- d) *Ýmis verkefni*: Óteljandi verkefni, í anda Nýalsstefnunnar, eru fyrir höndum, ef aðeins áhugi og aðstæður ýmissa einstaklinga eða samtaka þeirra væru fyrir hendi. — Mætti t. d. nefna rannsókn ýmissa rita um fljúgandi diska. Það væri verkefni, sem margir gætu unnið að. Úrvinnsla hinna ýmsu verkefna færu auðvitað eftir áhuga og aðstæðum félagsmanna. En verkefnin eru ótal mörg.

Himinfræði goðþjóðar.

Þorsteinn Guðjónsson las kafla úr bókinni „Ofanjarðar og neðan“, eftir Theódór Friðriksson, útg. 1944. Er í bókinni sagt frá komu tveggja þýskra vísindamanna, Rolf Müller, stjörnufræðings og Otto S. Reuter út í Flatey á Skjálfandaflóa í þeim tilgangi að kynnast einhverjum ummerkjum eftir Stjörnu-Odda, sem þar átti heima um og eftir árið 1100. Oddi mældi göngu sólar nákvæmar en aðrir miðaldastjörnufræðingar og hann leiddrétti hið forna íslenska tímatal sem Þorsteinn Surtur kom á um árið 1000, með því að setja sumarauka.

Til eru nokkur örnefni er benda til Stjörnu-Odda: Oddatind, Oddahóll, Oddaþúfur í Flatey og í Flateyjardal er til örnefnið

Oddskofi (Stjörnuoddakofi) og er uppi í fjalli. Þar eru tvær þúfur, forn mannvirki og skoðuðu þjóðverjarnir þær og tölða, að hér hefði Stjörnu-Oddi reist stjörnuathugunarstöð.

Eftir lestur Þorsteins komu fram ýmsar fyrirspurnir, sem Þorsteinn svaraði og urðu um þessi mál talsverðar umræður.

Ýmis mál.

Tillaga Péturs Gíslasonar um lagabreytingu á 2. grein var borin upp og rædd, en ekki borin undir atkvæði. Ákveðið var að geyma afgreiðslu hennar til næsta aðalfundar.

Hafsteinn Jósefsson sagði frá erfiðri sambandsreynslu sinni, og svaraði ýmsum spurningum í því sambandi.

Guðmundur á Kópavatni minntist á afmæli Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum, en hann varð 85 ára þann 5. apríl s. l.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22,50.

27 manns tóku þátt í fundinum.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur 6. maí 1981

Fáir mættu og ræddu menn saman óformlega um ýmis málefni Nýalssstefnunnar. fundargerð var ekki rituð.

I. A.

Félagsfundur 3. júní 1981

Fundur óformlegur. Þeir fáu sem mættu töluðu saman um ýmis áhugaefni Nýalssinna o. fl. Ritari félagsins gat ekki mætt vegna ferðalags erlendis.

Félagsfundur 1. júlí 1981

Féll niður samkvæmt heimild í 8. grein félagslaga.

Félagsfundur 5. ágúst 1981

Fundur var haldinn, en var óformlegur og er það samkvæmt heimild í lögum félagsins, 8. grein. En fundargestir ræddu um ýmis mál er snerta heimspekikenningar Helga Pjeturss o. fl. Fundargerð var ekki skráð.

Félagsfundur 2. september 1981

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 2. sept. 1981, að Álfróðsvegi 121 í Kópavogi.

Formaður, Páll Steinarsson, gat ekki mætt á fundinn.

Umræðuefni voru ýmis mál, er snerta Nýalsmálefni.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá Skarphéðni Jónatanssyni, sem dvelur í Víðinesí. Hann er um 50 ára að aldri og er draumspakur og stjörnufróður. Hann hefur dreymt marga stjörnu drauma og teiknað upp ýmsar af þessum stjörnusýnum, sem flestar eiga rót að rekja til annarra hnatta. Ein af þessum teikningum er alveg eins og stjörnu-merkið Stórivagn, en þó eins og séður frá öðru sjónarhorni en frá norðurhveli jarðar okkar, raunar alveg eins og hann lítur út séð frá suðurhveli jarðarinnar og er þetta mjög athyglisvert.

Rætt var um drauma og hvernig helst væri hægt að muna drauma.

Sveinn Haraldsson sagði frá draumi, sem hann dreymdi sl. nótt. Þóttist hann sjá tvo gamma eða illfygli uppi á húsi. Einnig þóttist hann sjá Þorsteinn Guðjónsson uppi á húsinu, en hann varð hræddur og féll niður.

Leiðarstjarnan:

Þá var sagt frá því, að í tímaritinu Leiftur, sem Hermann Jónasson frá Þingeyrum gaf út væri frásögn eftir Gest nokkurn. Nefnist greinin *Leiðarstjarnan*. Þar var sagt frá manni sem var ríðandi á ferð í myrkri, en ljós fór á undan honum alla leiðina og vísaði honum veg. Taldi maðurinn, að ljósið væri tengt látinni konu, sem hafði átt hestinn og þótt vænt um hann.

Gunnar Hjörvar sagði draum, sem konu eina dreymdi. Henni þótti drengur detta og handleggsbrotna. Nokkru síðar datt drengur í stiga og meiddi sig lítilsháttar í handlegg.

Gunnar Hjörvar kvað mikla nauðsyn á að auka skilning á Nýalsfræðum, t. d. með námskeiðum og á annan hátt. „Skilningur á þessum málum styrkir aflsvæði okkar“, sagði hann.

Þorsteinn sagði frá því, að Eypór Gunnarsson, læknir hefði komið fram á síðasta miðilsfundi. Hann sagði frá því, hvernig hann færi að því að kenna Nýalsfræði. hann kvaðst fara til fræðimanna og annarra nýfluttra á hans hnött og fræða þá um þessi mál.

Svava sagði frá því, að eitt sinn hefði Eypór bjargað lífi sonar hennar, sem hefði orðið fyrir miklu slysi.

Tillaga til lagabreytingar á næsta aðalfundi frá Pétri Gíslasyni, var borin fram, svohljóðandi:

„*Tilgangur félagsins er að vekja athygli á kenningum dr. Helga Pjeturss. Félagið leitast við að starfa í samræmi við grundvöll náttúrufræðinnar*“.

Pétur Gíslason.

Nokkrar umræður urðu um þessa tillögu Péturs Gíslasonar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

11 manns sóttu fundinn.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Aðalfundur 8. apríl 1981

Aðalfundur í Félagi Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 8. apríl 1981, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi.

Páll Steinarsson, formaður félagsins, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar 4. mars og var hún samþykkt.

Inntökubeiðni í félagið var borin upp frá Þorláki Péturssyni, Brávallagötu 4, Reykjavík (9675–8537) og var hún samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns.

Páll Steinarsson gerði grein fyrir helstu atriðunum í starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

- a) *Félagsfundir* féllu niður í júlí og ágúst á árinu 1980 og er það skv. heimild í lögum félagsins.
- b) *Arnór Hannibalsson* hélt erindi sem hann nefndi: „Mannlegt líf gagnvart ásýnd dauðans“. Voru fyrirspurnir bornar fram að loknu erindinu og talsverðar umræður urðu um efni þess.
- c) *Pórarinn E. Jónsson* hélt erindi.
- d) *Porsteinn Guðjónsson* hélt erindi þann 2. nóvember 1980 í Félagi áhugamanna um heimspeki í Háskóla Íslands og fjallaði það um *Framvindu lífsins* og samiburð á þróunarskilningi Teilhards de Chardin og Helga Pjeturss.
- e) *Sambandsfundir* voru haldnir á hverju mánudagskvöldi að Álfhólsvegi 121 og var Sveinn Haraldsson miðill á þeim öllum.
- f) *Nokkurri starfsemi* var haldið uppi á Njálsgötu 40 og þar var komið á fót „Bókastöðinni Astra“, að frumkvæði og undir umsjón Helga Guðlaugssonar.
- g) *Tímaritið Lífgeislar* kom út á árinu 1980, alls 5 hefti, 180 bls. í umsjá Ingvars Agnarssonar.
- h) *Á Akureyri* hefur verið haldið uppi nokkurri starfsemi í þágu málefnsins, en óformlegri. Þar er það Þorbjörn Ásgeirsson, sem heldur uppi vökulu starfi til framgangs málefnum.
- i) *Viðhald og viðgerðir* húseigna. Ýmsar skemmdir hafa komið fram á húsi félagsins að Álfhólsvegi 121, bæði sprungur, alkali-skemmdir og leki og ber mikla nauðsyn til að hér verði bætt úr.
- j) *Lóðin*: Enn hefur ekki verið standsett að fullu lóðin á Álfhólsvegi 121 og væri nauðsyn að bæta þar úr fyrr en seinna.
- k) *Fjárþörf*: Hvernig bæta megi úr fjárþörf félagsins til að standa straum af ýmsum kostnaði, bæði við lagfæringar á húsum og lóð og við greiðslu skulda, er enn ekki ráðið. En hugsanleg leið væri að selja jarðarpart að Gröf í Laugardal ef nauðsyn ber til.

Efnahags- og rekstrarreikningur.

Guðmundur Jónsson, gjaldkeri félagsins las upp efnahags- og rekstrarreikninga félagsins fyrir árið 1980 og gerði síðan grein fyrir ýmsum atriðum sérstaklega. T. d. minntist hann á það ósamræmi sem er í álagningu fasteignagjalda á húshluta félagsins og á húshluta sambýlismanns og kvað nauðsyn á að leita þar leiðréttinga.

Hann kvað bókasöluna í Astra hafa gengið vonum framur og kvað verslunina hafa létt undir við afborganir skulda af Njálsgötu 40, með því að kaupa allmargar heildir af Nýalsbókum.

Eitthvað er enn ógreitt til félagsins af skuldabréfum vegna sölu á jarðarpörtum í Gröf í Laugardal.

Pá ræddi Guðmundur nokkuð um fasteignamat á húseignunum Álfhólsvegi 121 og Njálsgötu 40 og mat á landi félagsins í Laugardal.

Að lokinni greinargerð gjaldkera um efnahags- og rekstrarreikninga félagsins var leitað álits fundarmanna og voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

Stjórnarkjör:

Nokkrir menn áttu að víkja úr stjórn skv. lögum félagsins. Á síðasta félagsfundi var borin fram tillaga um eftirtalda menn í stjórn, í stað þeirra, sem skyldu víkja:

Ritari: Ingvar Agnarsson, meðstjórnandi: Sveinn Baldursson, varamaður: Þorsteinn Guðjónsson og varaformaður: Guðni Þorvaldsson.

Engar aðrar tillögur komu fram og voru þessir menn því sjálfkjörnir.

Endurskoðendur voru kosnir samhljóða þeir Olgeir Möller og Ægir Ólafsson, sömu og áður.

Stjórn félagsins er því nú þannig skipuð:

<i>Formaður:</i>	Páll Steinarsson.
<i>Ritari:</i>	Ingvar Agnarsson.
<i>Gjaldkeri:</i>	Guðmundur Jónsson.
<i>Meðstjórnandi:</i>	Sveinn Baldursson.
<i>Varaformaður:</i>	Guðni Þorvaldsson.
<i>Varamaður:</i>	Þorsteinn Guðjónsson.
<i>Varamaður:</i>	Pétur Hermannsson.
<i>Endurskoðandi:</i>	Olgeir Möller.
<i>Endurskoðandi:</i>	Ægir Ólafsson.

Í *ritnefnd* voru bornir upp: Ingvar Agnarsson, Kjartan Norðdahl og Þorsteinn Guðjónsson og voru þeir samþykktir samhljóða.

Í *landsölunefnd* var stungið upp á Olgeiri Möller, Þorsteini Guðjónssyni og Guðmundir Jónssyni. Voru þeir samþykktir samhljóða.

Enn um starfsemi félagsins:

Páll Steinarsson tók til máls og ræddi enn nokkuð um framtíðarverkefni í starfsemi félagsins.

- a) *Sambandsfundir*. Hann kvað æskilegt að sambandsfundir yrðu áfram í svipuðu formi og verið hefur. Á slíkum fundum þarf að vera nokkur festa án of mikilla breytinga.
- b) Æskilegt væri samt að auka fjölbreytni fundanna. Vel mætti halda fundi í sérstökum tilgangi og mun það stundum hafa verið reynt og aðrir fundir mættu vera haldnir í enn öðrum tilgangi. Áhugamál í sambandi við miðilsfundi gætu verið margskonar.
- c) Hugsanlega væri árangursríkt, að hafa einhverjar umræður á undan fundum sem ætlað væri sérstakt hlutverk. Það myndi beina hugum þátttakenda að þeim sérstöku málum, sem leita ætti sambanda í.
- d) *Umræðufundir*: Æskilegt væri að haldnir yrðu sérstakir kynningarfundir við og við, ætlaðir fleirum en Nýalssinum einum.
- e) *Ráðstefna*: Atli Hraunfjörð hefur komið fram með þá hugmynd, að haldin yrði ráðstefna Nýalssinna einhversstaðar utan Reykjavíkursvæðisins og stæði t. d. í 2 daga. Þar yrðu haldnir fyrirlestrar af vísindamönnum sem aðhyllast Nýalskar skoðanir.
- f) Einnig mætti láta sér detta í hug að halda ráðstefnu í Reykjavík, einhverntíma áður en stórráðstefna, eins og Atli hugsar sér, yrði haldin.
- d) *Ýmis verkefni*: Óteljandi verkefni, í anda Nýalsstefnunnar, eru fyrir höndum, ef aðeins áhugi og aðstæður ýmissa einstaklinga eða samtaka þeirra væru fyrir hendi. — Mætti t. d. nefna rannsókn ýmissa rita um fljúgandi diska. Það væri verkefni, sem margir gætu unnið að. Úrvinnsla hinna ýmsu verkefna færu auðvitað eftir áhuga og aðstæðum félagsmanna. En verkefnin eru ótal mörg.

Himinfræði goðþjóðar.

Þorsteinn Guðjónsson las kafla úr bókinni „Ofanjarðar og neðan“, eftir Theódór Friðriksson, útg. 1944. Er í bókinni sagt frá komu tveggja þýskra vísindamanna, Rolf Müller, stjörnufræðings og Otto S. Reuter út í Flatey á Skjálfandaflóa í þeim tilgangi að kynnast einhverjum ummerkjum eftir Stjörnu-Odda, sem þar átti heima um og eftir árið 1100. Oddi mældi göngu sólar nákvæmar en aðrir miðaldastjörnufræðingar og hann leiðrétti hið forna íslenska tímatal sem Þorsteinn Surtur kom á um árið 1000, með því að setja sumarauka.

Til eru nokkur örnefni er benda til Stjörnu-Odda: Oddatind, Oddahóll, Oddaþúfur í Flatey og í Flateyjardal er til örnefnið

Oddskofi (Stjörnuoddakofi) og er uppi í fjalli. Þar eru tvær þúfur, forn mannvirki og skoðuðu þjóðverjarnir þær og tölda, að hér hefði Stjörnu-Oddi reist stjörnuathugunarstöð.

Eftir lestur Þorsteins komu fram ýmsar fyrirspurnir, sem Þorsteinn svaraði og urðu um þessi mál talsverðar umræður.

Ýmis mál.

Tillaga Péturs Gíslasonar um lagabreytingu á 2. grein var borin upp og rædd, en ekki borin undir atkvæði. Akveðið var að geyma afgreiðslu hennar til næsta aðalfundar.

Hafsteinn Jósefsson sagði frá erfiðri sambandsreynslu sinni, og svaraði ýmsum spurningum í því sambandi.

Guðmundur á Kópavatni minntist á afmæli Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum, en hann varð 85 ára þann 5. apríl s. l.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22,50.

27 manns tóku þátt í fundinum.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur 6. maí 1981

Fáir mættu og ræddu menn saman óformlega um ýmis málefni Nýsálstefnunnar. fundargerð var ekki rituð.

I. A.

Félagsfundur 3. júní 1981

Fundur óformlegur. Þeir fáu sem mættu töluðu saman um ýmis áhugaefni Nýsálssinna o. fl. Ritari félagsins gat ekki mætt vegna ferðalags erlendis.

Félagsfundur 1. júlí 1981

Féll niður samkvæmt heimild í 8. grein félagslaga.

Félagsfundur 5. ágúst 1981

Fundur var haldinn, en var óformlegur og er það samkvæmt heimild í lögum félagsins, 8. grein. En fundargestir ræddu um ýmis mál er snerta heimspekikeningar Helga Pjeturss o. fl. Fundargerð var ekki skráð.

Félagsfundur 2. september 1981

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 2. sept. 1981, að Álfrólsvogi 121 í Kópavogi.

Formaður, Páll Steinarsson, gat ekki mætt á fundinn.

Umræðuefni voru ýmis mál, er snerta Nýalsmálefni.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá Skarphéðni Jónatanssyni, sem dvelur í Víðinesí. Hann er um 50 ára að aldri og er draumspakur og stjórnufróður. Hann hefur dreymt marga stjórnu drauma og teiknað upp ýmsar af þessum stjórnu sýnum, sem flestar eiga rót að rekja til annarra hnatta. Ein af þessum teikningum er alveg eins og stjórnu merkið Stórivagn, en þó eins og séður frá öðru sjónarhorni en frá norðurhveli jarðar okkar, raunar alveg eins og hann lítur út séð frá suðurhveli jarðarinnar og er þetta mjög athyglisvert.

Rætt var um drauma og hvernig helst væri hægt að muna drauma.

Sveinn Haraldsson sagði frá draumi, sem hann dreymdi sl. nótt. Þóttist hann sjá tvo gamma eða illfygli uppi á húsi. Einnig þóttist hann sjá Þorsteinn Guðjónsson uppi á húsinu, en hann varð hræddur og féll niður.

Leiðarstjarnan:

Þá var sagt frá því, að í tímaritinu *Leiftur*, sem Hermann Jónasson frá Þingeyrum gaf út væri frásögn eftir Gest nokkurn. Nefnist greinin *Leiðarstjarnan*. Þar var sagt frá manni sem var ríðandi á ferð í myrkri, en ljós fór á undan honum alla leiðina og vísaði honum veg. Taldi maðurinn, að ljósið væri tengt látinni konu, sem hafði átt hestinn og þótt vænt um hann.

Gunnar Hjörvar sagði draum, sem konu eina dreymdi. Henni þótti drengur detta og handleggsbrotna. Nokkru síðar datt drengur í stiga og meiddi sig lítilsháttar í handlegg.

Samstæðir atburðir: Rætt var um samstæða atburði sem gerast munu á ýmsum hnöttum samtímis eða nær samtímis. Þangað mun að leita orsakanna fyrir því, að hingað berast og flæða yfir heiminn ýmsar sveiflur eða stefnur í hljómlist, málalalist, höggmyndalist, skáldskap o. s. frv., en einnig styrjaldir, sjóslysafaraldur, bílslysafaraldur. Það er eins og þessi ótíðindi berist hingað í öldum.

Pétur Gíslason ræddi um grein Ólafs Halldórssonar í 32. hefti Lífgeisla, einkum um útgeislunarkenningu dr. Helga Þjeturss (emanationskenninguna): Allir hlutir eru til orðnir fyrir útstreymi frá hinni æðstu veru. Þannig er og um undirstöðuatriði réttis skilnings. Orðin koma rétt inn í huga spekinganna; við megum ekki breyta þeim, heldur reyna að skilja þau rétt. — Þá verður heim-spekin enn merkilegri, þegar menn fara að skilja hvað hún var að leita að, þótt ekki yrði fundið.

Fundi lauk kl. 23,00.

9 manns sóttu fundinn.

Ingvar Agnarsson,
fundarritari.

Félagsfundur 7. október 1981

Fundur haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 7. október hófst l. 21,00 með því að formaður félagsins, *Páll Steinarsson* setti fundinn.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar 22. september og var hún samþykkt án athugasemda.

Rangþýðingar í draumum. Páll Steinarsson flutti erindi með þessu nafni og talaði þar um eigin draumreynslu. Honum finnst lítið vera um rangþýðingar ef birta er í draumi en ef myrkur er í draumnum, þá er frekar um rangþýðingar að ræða. Þá ber fátt fyrir augu draumgjafans og sjónmynd hans nær því ekki til draumþegans. Þegar svo er, finnst honum stundum að hann sé heima hjá sér.

Pétur Gíslason sagði frá stilliáhrifum, sem hafa áhrif á hans drauma. Þegar menn, uppaldir á Eyrarbakka, en löngu fluttir annað, koma í heimsókn til hans á Eyrarbakka og tala við hann, þá dreymir hann (*Pétur*) iðulega, að hann sé staddur á sínum eigin

æskustöðvum, sem voru á Húsavík. Þetta sagði Pétur að væri mjög athyglisvert, því það sýndi að endurminningar stillanna kölluðu fram í draumnum samsvarandi endurminningar hans sjálfs, Péturs.

Nokkrar frekari umræður urðu um drauma og stilliáhrif.

Erindi frá Sigurrósu Jóhannsdóttur. Þorsteinn Guðjónsson sagði frá frétt sem birtist í þrem dagblöðum. Þar segir frá þrem hljóm-sveitum sem sameiginlega ætla að halda hljómleika í Þjóðleikhús-kjallaranum og ætla að notfæra sér skilning dr. Helga Pjeturss á stillilög málinu, til að senda skeyti til annarra stjarna, í stað þess, sem hingað til hefur mest verið talað um að taka á móti skeytum þaðan með útvarpsloftnetum. Hljómlistarmennirnir kenna þessa tilraun sína einnig við „Blómefld fjarskipti“, vegna þess, að þeir ætla sér að nota blóm til eflingar sambandinu.

Þá sagði Þorsteinn frá merkilegri reynslu Sigurrósar Jóhannsdóttur sama kvöld og hljómleikar hinna blómefldu fjarskipta fóru fram. Þar var bæði um sýn og heyrn að ræða. Kom þar Sigvaldi Kaldalóns, tónskáld, við sögu og taldi Þorsteinn þar hafa komið til áhrif hljómleikahaldsins.

Pétur Gíslason ræddi um útstreymiskenninguna, Emanationskenninguna (Þetta er ekki að öllu leyti kenning Helga Pjeturss). Í þoku fornrar trúar hilti undir þessa kenningu, sem nú er orðin að vísindum og vissu. Þessa kenningu má skýra út frá skilningi Nýals á eðli drauma. Hér er um útstreymið að ræða frá hinni ædstu veru. Vísindi felast í orðum spekinganna. Orð spekinganna eru rétt, en skilningur þeirra er ekki réttur. Orð og myndir komast inn í huga manns, en hugsunum er erfitt að koma inn í hugann. Mennt hafa trúað á himininn frá því í fornöld, en Helgi Pjeturss kom þeirri trú á vísindabraut.

Vitneskja um nýstirni. Þorsteinn Guðjónsson lagði til að fundarmenn hugsuðu til stjarnanna Prokyon og Síríusar, og reyndu að koma þangað vitneskjunni um, að þeir þar myndu sjá nýstirni eftir fáar vikur. Nýstirni þetta sást hér á jörðu fyrir fáeinum árum í Svansmerkinu, en ljósbylgjan frá stjörnusprengingu þessari er nú rétt að komast til þessara tveggja stjarna, sem heita mega nágrannar okkar. En á miðlsfundum hér hefur einmitt tekist samband þangað.

Páll Steinarsson sagði frá hurðarskellum í húsi einu á Seltjarnarnesi. Hjónin í húsinu fóru fram, og héldu að dóttir þeirra væri að koma heim. En svo var ekki. Hún var hjá vinkonu sinni. Þau sáu

stúlku bregða fyrir. Þau fréttu síðar, að stúlka hefði fyrir löngu orðið úti, þar sem nú stóð húsið.

Umræður urðu um sambönd við framlíf og framlífshnetti.

Hækkun verðs á Nýal. Páll Steinarsson tilkynnti að á síðasta stjórnarfundum F.N. hefði verið ákveðið, að hækka Nýalana (hvert sett, 6 bækur í skinnbandi) upp í kr. 750,00 (var áður kr. 360,00).

Væntanleg fjarvera formanns: Þá skýrði Páll frá því, að hann hefði ákveðið að fara til Þýskalands innan skamms og mundi hann verða þar í allan vetur, fram á vor.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,00.

Níu manns tóku þátt í fundinum.

*Ingvar Agnarsson,
fundarritari.*

Félagsfundur 4. nóvember 1981

Félagsfundur Nýalssinna var haldinn að Álfhólsvegi 121, 4. nóvember 1981 kl. 9 e. h. Þar sem bæði formaður og varaformaður eru erlendis, og ritari félagsins þurfti nauðsynlega að vera annarsstaðar þetta kvöld, hafði hann beðið Þorstein Guðjónsson, varamaðmann, að setja fundinn og gerði hann það. Var lesin fundargerð frá 7. október og var hún samþykkt. Þorsteinn sagðist vilja skýra frá atviki, sem nýlega (sunnudag 1. nóv.) hefði borið fyrir kunningja sinn, sem var á gangi um ellefuleytið að kvöldi og „hugði að stjórnunum“. Tók hann eftir stjórnun, sem bæði var óvenju björt og blikaði öðruvísi en aðrar stjórnur, og þegar hann gat miðað þetta út við stjórnúmerkin, sá hann að þarna átti engin stjarna að vera. Kom honum þá fyrst í hug flugvél. Nánari athuganir leiddu í ljós að það var óhugsandi. Um stundarfjórðungs bil athugaði hann þetta fyrirbæri, og sérstaklega þýðingarmikil er sú athugun, að ljós þetta eða stjarna færðist ekki til á þeim tíma miðað við næstu stjórnur, en það hefði það átt að gera, ef það hefði verið inni í lofthjúpi jarðar eða fylgt hreyfingu hennar. Verður því að ætla að ljós þetta hafi birt fjær jörðu en sem því nemi. En um skilyrðin fyrir því að slíkt geti gerzt mætti margt ræða. Þ. G. gat þess að hann hefði látið Veðurstofu Íslands vita af þessu fyrirbæri, og hefði það verið skráð þar.

Rætt var um drauma. Sveinn Haraldsson sagði dæmi um það að kona sem hann sá á götu (og líklega hefur séð hann einnig) alllangt frá sér, um 100 metra, mundi hafa orðið stillir að draumi sínum nóttina eftir. Þótti honum í draumnum sem hann væri kominn á fundi í Guðspekifélagshúsinu og streymdi fólkið að. En konan sem hann mætti, var frú Svava Fells. Má ætla að hún hafi með áhrifum sínum stillt Svein til sambands við fund á öðrum hnetti, þar sem skoðanamunur er eitthvað sambærilegur við þann sem er með Nýalssinum og guðspekingum.

Halldór Vigfússon kvaðst oft sjá ýmislegt á himni, fram yfir það sem „vera ber“. Svaraði hann spurningum fundarmanna varðandi þessa reynslu sína.

Pétur Gíslason tók til máls og talaði um orku sólarinnar, sem breytist í kolvetnaorku plantanna, sem er líforka og verður að líforku. Um dýnamóana sem koma upp við þróun lífefnanna og mynda sífellt sterkari aflsvæði. Um það að mannlíkaminn væri svo mikil verkfræðileg furðusmíð að verkfræðingar hefðu gott af því að athuga hann og skilja hvað máttur þeirra nær skammt miðað við þann undramátt, sem ráðið hefur fyrir þróun lífsins.

Í umræðunum um draum lét Svava Jónsdóttir þess getið, að sig dreymdi oftlega að hún væri komin á æskuslóðir sínar austanlands, í Borgarfirði eystra, og aðspurð sagðist hún alltaf hafa mikil sambönd við ættingja sína og aðra kunningja þaðan að austan.

Í sambandi við „kafbátsmál“ það sem mjög hefur verið rætt um þessar mundir lét Gunnar Hjörvar þess getið að hann teldi stilliáhrif frá forseta Íslands – í heimsókn þar um sama leyti – líkleg til þess að hafa miklu um það valdið hve Svíar hafa orðið happasælir í því máli. Fundi slitið um kl. 11. Níu manns sátu fundinn.

Þorsteinn Guðjónsson,
fundarritari.

Félagfundur 2. desember 1981

Miðvikudaginn 2. desember 1981, kl. 21,00 var komið saman að Álfhólsvegi 121, en þar sem mjög fáir komu, var fundur ekki settur og engin fundarsköp viðhöfð, og engin fundargerð rituð.

Í þess stað sátu menn og töluðu saman óformlega um ýmis áhugaverð efni: drauma, fyrirbæri, horfur í málefnum Nýalssinna og fleira. Leið kvöldið við ánægjulegar samræður þeirra fáu sem mættir voru.

I. A.

Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna

Hér er loks á ferðinni Félagsblað Nýalssinna fyrir árið 1981 og er það vonum seinna.

Starfsemi í þágu hins nýalska málefnis hefur ekki verið eins kröftug og æskilegt hefði verið. Starfsemi hefur þó ávallt verið haldið uppi, með mánaðarlegum félagsfundum, miðilsstarfsemi í hverri viku o. fl. Og sitthvað hefur verið fleira gert og reynt málefninu til stuðnings og kynningar.

En betur má gera, ef árangur á að geta orðið. Róðurinn er þungur og margt er það sem dregur úr krafti þeim, sem þarf til framgangs hins mikla málefnis. Á hnetti, þar sem helstefnan er í vexti, þarf sterkan og einlægan samhug þeirra, sem skilning hafa á sambandsmálum, ef unnt á að reynast að þoka málum eitthvað fram á leið, svo vænta megi breytinga til batnaðar fyrr en síðar.

*F. h. Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

EFNISYFIRLIT:

Reikistjarnan Merkúr (Sjá forsíðumynd) I. A. Bls. 2

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 7. janúar 1981	Bls.	3
Félagsfundur 4. febrúar 1981	—	5
Félagsfundur 4. mars 1981	—	6
Aðalfundur 8. apríl 1981	—	9
Félagsfundur 6. maí 1981	—	13
Félagsfundur 3. júní 1981	—	13
Félagsfundur 1. júlí 1981	—	13
Félagsfundur 5. ágúst 1981	—	14
Félagsfundur 2. september 1981	—	14
Félagsfundur 7. október 1981	—	15
Félagsfundur 4. nóvember 1981	—	17
Félagsfundur 2. desember 1981	—	18
Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna	—	19

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.